

## Dagskrá vetrarins 2014-2015


Vorsýningin er síðasti viðburður sem Fát stendur fyrir nú í vetur.

Með haustinu munum við svo aftur hefja dagsskrá og verður það auglýst þegar nær dregur. Takk fyrir veturinn og gleðilegt sumar.

## Bókakynning:



Þetta er vinsælasta byjendabókin því hún tekur á öllum helstu málum í kringum útskurð, mjög myndræn og kaflaskipt eftir verkefnum. Góð kennslubók og uppflertirit.

**Handverkshúsið býrðu félagsmönnum  
FÁT 15% afslátt af öllum bókum.**



## Auglýsing:

Er með til sölu innihald gestabóka þ.e. kjölsaumaðar arkir. Stærðin er 15,2\*23 cm. Einnig með til sölu kaffipokahaldara tilbúna til útskurðar. Uppl: Anna Lilja Jónsdóttir sími: 864-8253, pósthfang: alja@isl.is



## Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Netfang: [stefan1976@simnet.is](mailto:stefan1976@simnet.is)

Heimasíða: [treskurdur.muna.is](http://treskurdur.muna.is)

Ritstjórn er stjórn félagsins

# Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð  
2. tbl. 20. árgangur 2015

## Frá formanni

Sæl öll, þetta er búið að vera langur vetur og skulum við nú vona að vorið fari nú fljótlega að láta sjá sig. Þessi langi vetur hefur þó sína kosti, ekkert notarlegra en að sitja inni og skera út þegar Kári leikur lausum hala úti.

Aðalfundur var haldinn 14. febrúar í Heimilisiðnaðarfélaginu við Nethyl, vil ég þakka þeim fyrir afnotinn af aðstöðunni þeirra. 9 manns mættu á fund og var fundurinn velheppnaður í alla staði, fundarstjórnin er einn þræl vanur, þökkum Friðgeiri Guðmundssyni fyrir fundarstjórn. Anna Lilja Jónsdóttir og Sigurjón Gunnarsson létu af stjórnarstörfum eftir að hafa setið og starfað í mörg ár í stjórn Félags áhugamanna um tréskurð, og þakka vil ég þeim sérstaklega fyrir vel unnin störf og leiða nýja stjórn af stað á síðasta starfsári.

Stjórnarkosningar fóru þannig Stefán Haukur Erlingsson situr áfram sem formaður, Donald Ingólfsson ritari, Karen Huld Gunnarsdóttir gjaldkeri, við bjóðum svo tvo nýja meðstjórnendur velkomna Auði Þorgeirsdóttur og Jón Adolf Steinólfsson.

Lítilsháttar lagabreytingar voru samþykktar í 5. og 6. grein laga sem hljóða þannig 5. grein aðalfundur skal haldinn fyrir lok febrúar í staðinn fyrir janúar.

6. grein byrjar svona. Stjórn félagsins skipa 5 manns. Formaður kosinn sérstaklega árlega en aðra stjórnarmenn til tveggja ára, þ.e. tveir í einu lagi.

6. grein breyting þetta er meira spurning um orðalag en hljóðar svona.

Stjórn félagsins skipa 5 manns. Formaður kosinn sérstaklega á hverju ári en aðra stjórnarmenn skal kjósa tvo á hverju ári til tveggja ára.

Þetta er nú bara til þess að undirstrika að aldrei sé skipt út fleiri en tveimur stjórnarmeðlimum í einu svo hluti stjórnarinnar komi nýjum stjórnarmeðlimum af stað sem og fráfalandi formenn sitji eitt ár áfram í stjórn og hjálpi nýjum formanni og stjórn að komast af stað.

Senn líður að okkar árlegu sýningu að þessu sinni verður einn aðalstofnandi okkar félags heiðursýnandi Jón Adolf Steinólfsson, Jón samþykkti að halda sýninguna í aðstöðunni hjá sér svo sýningin verður 11. Og 12 apríl frá kl. 13-16

að Dalvegi 12 í gallery 16c þetta er beint á móti sýslumanni í Kópavogi. Við hvetjum sem flesta að taka þátt og koma með verk, tekið er á móti verkum föstudaginn 10. apríl milli kl. 17 og 20 engu skiptir þótt verk hafi verið sýnd áður við viljum sjá sem flesta taka þátt, og endilega kíkja til Jóns þetta verður mjög skemmtileg sýning og Jón hefur víða komið við þegar kemur að tréskurði. Tréskurðarkveðjur til ykkar allra Stefán Haukur Erlingsson.

### Áhugaverðar vefsíður:

<http://lanorbury.com>

<http://stefan.123.is>

<http://www.wood-sculptor.info>

<http://jonadolf.com>

<http://www.davidesterly.com>

<http://www.fredzavadilwoodcarving.com>

### Tilkynning:

Giuseppe Rumerio, ítalskur tréskeri, kemur til Íslands fyrstu vikuna í september og heldur námskeið í tréútskurði. Nú þegar er byrjað á skrá þátttakendur á námskeiðið sem er jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna.

Skráning fer fram hjá Jóni Adolf:

sími 896-6234, póstfang: jonadolf@simnet.is

Giuseppe Rumerio <http://www.wood-sculptor.info/> in Iceland

### Tréskurðarsýningar:

**Sýning á skurðverkum  
nemenda Tréskurðarstofu  
Friðgeirs.**

Dagana 18. og 19. apríl n.k. verður sýning í Gjábakka, Fannborg 8 í Kópavogi, félagsheimili eldri borgara. Sýningin opin kl. 13-16.



### Vorsýning FÁT

Dagana 11. og 12. apríl n.k. verður vorsýning FÁT haldin að Dalvegi 16c í Kópavogi. Heiðurssýnandi verður Jón Adolf Steinólfsson.

Sýningin opin: 13-16 báða dagna.


Allir velkomnir

Jón Adolf Steinólfsson er fæddur 1959 í Reykjavík. Hann byrjaði snemma að hafa áhuga á tréskurði og byrjaði að að skera út úr tré eftir að móðir hans gaf honum tréskurðarnámskeið hjá Hannesi Flosasyni 1987. Hann stundaði og lærði tréskurð frá árunum 1986 til 1995. Jón stundaði einnig nám í listaskóla frá 1996 til 1999 þar sem áhersla var lögð á teikningu ofl.

Jón lagði einnig land undir fót og lærði og starfaði með Ian Norbury frá Englandi sem er heimsklassa listamaður notar tré mikið í verk sín sem eru flest þrívíddarverk sculptor í hæsta gæðaflokki. Jón starfaði með Ian Norbury á árunum 1996 til 1999. Einnig má geta þess að Jón Adolf fékk Ian Norbury nokkrum sinnum til landsins þar sem hann hélt námskeið sem voru öll vel sótt. Jón hefur einnig kynnst fleirum listamönnum sem og Rumerio Giuseppe sem einnig hefur komið til landsins og haldið námkeið, og má geta þess að Rumerio er á leið til landsins í haust. Jón Adolf hefur einnig kennt tréskurð í mörg ár og miðlað reynslu og þekkingu til annara.

Jón hefur verið mjög duglegur að halda sýningar um allt land sem og erlendis og eru verk eftir hann í einkaeign víða um heiminn, geta má þess að Jón hefur tekið þátt í sýningum t.d. í Kína og verður nýkominn frá Tyrklandi þegar sýningin okkar verður í apríl svo eitthvað sé nefnt, svo það verður mjög áhugavert að skoða hvað hann hefur haft fyrir stafni. Enginn trélistamaður hefur lagt jafn mikið land undir fót eins og Jón Adolf.

Jón hefur einnig mikinn áhuga á höggmyndalist og notað marmara og ýmiskonar grjót í verk sín og verið heldur betur stórtækur á því sviði þar sem risa stór verk í grjót eru eftir Jón Adolf víða. Ég hvet alla að kíkja á sýninguna okkar í apríl en hún verður að þessu sinni haldin hjá Jóni Adolphi í gallery 16 þar sem Jón starfar.



### Opið hús í mars

Vel mætt á opið hús hjá Friðgeir enda Friðgeir gamal reyndur í faginu. Hann sýndi okkur mikið af glæsilegum tréskurði og leiðbeindi fólki með járn o.fl. Friðgeir takk kærlega fyrir okkur.